


# Reglur um greinarmerki

|  |  |   |                             |
|--|--|---|-----------------------------|
| <b>Band</b><br>-   | Þegar band er við skiptingu orða milli lína er ekki bil frá síðasta staf að bandinu.   | Oft er nauðsynlegt að skipta orðum milli lína.<br>Loft-ið Matur-inn Nem-end-ur<br>Sól-skin Morgun-blaðið<br>Eftirtektar-samur Hæstaréttar-dómari<br>Rit-föng Matar-æði<br>Brennsl-a Keyrsl-a<br>Ó-lán Ó-þægur<br>Suður-Múlasýsla.<br>Þýsk-íslensk orðabók.<br>Herra- og dömuskór.<br>Rekstrar- og efnahagsreikningar.<br>Tölvudiskar og -skjái.<br>1996-09-05<br>4 vikur 5 dagar<br>2 - 9 - |                             |
|  | Ósamsettu orði skal skipt þannig milli lína að fyrri hluta þess fylgja svo margir samhljóðar sem hægt er að kveða að. Síðari hlutinn hefst því alltaf á sérhljóða.<br>Samsettum orðum er skipt um samskeytin og fleirsamsettum orðum helst um aðalsamskeyti.<br>Aldrei skal flytja einn staf yfir í næstu línu.<br>Ekki fer vel á því að skrifa einn bókstaf og flytja afganginn í næstu línu.<br>Aldrei má skipta orðum milli blaðsíðna.<br>Ekki er hægt að nota íslenskar reglur um orðskiptingar í öðrum tungumálum.<br>Þegar band er milli samsettra orða er ekki bil.<br>Þegar band er notað í staðinn fyrir síðasta hluta á samsettu orð, þ.e. ef tvö orð fara saman með sömu samsetningu, er ekki bil að bandinu. Þegar band er notað í dagsetningum er ekki bil á milli talna.<br>Band er oft notað til að forðast endurtekningu.<br>Með bandi standa ekki önnur greinarmerki. |   |                             |
| <b>Bugða</b><br>)  | Bugða er notuð með tölustöfum eða bókstöfum þegar liðir eru merktir við upptalningar.<br>Frá tölustaf eða bókstaf að bugðu er ekki bil.<br>Með bugðu standa ekki önnur greinarmerki.   | a) laun<br>b) vísitala<br>c) kostnaður  | 1) Reykjavík<br>2) Akureyri |
| <b>Deiling</b><br>:<br>/<br>÷ <b>Alt 0247</b>  | Algengustu deilingarmerkin eru tvípunktur og skástrik.<br>Skástrik er einnig oft notað sem aðgerðartákn í forritunarmálum.<br>Deilingarmerki er stundum notað sem mínusmerki.  | 150 : 3 = 50<br>Dir /p<br>Hiti vatnsins var ÷2°C  | 150/3 = 50                  |
| <b>Einfaldar gæsalappir</b><br>, <b>Alt 0130</b><br>' <b>Alt 0145</b>                | Einfaldar gæsalappir afmarka merkingu orða (í stað venjulegra gæsalappa).<br>Einfaldar gæsalappir afmarka einnig stafsetningartákn (í stað skáleturs).   | Margir Íslendingar bera stafina ,hv' fram eins fram og ,kv'.<br>Hauður er skáldamálsorð og þýðir ,jörð'.  |                             |
| <b>Gráðu-merkið</b><br>° <b>Alt 0186</b>   | Hiti er mældur í gráðum á Celcius.<br>Ýtt er á gráðumerki á hnappaborði og síðan á bilslá.<br>Einnig er hægt að ýta á Alt og 0186 á talnaborði.  | Celcius hitamælirinn er kvarðaður út frá bræðslu- og suðumarki vatns (0°C og 100°C). 100°C jafngilda 212°F<br>Kvikasilfur storknar við -39°C  |                             |
| <b>Gæsalappir Tilvitnunarmerki</b><br><b>Íslensk tilvitnunarmerki eru:</b><br>" og " | Á eftir og á undan gæsalöppum er ekki bil.<br>Punktur, komma, upphröpunarmerki og spurningarmerki koma á undan gæsalöppum í lok setningar eða hluta setningar.<br>Gæsalappir má nota sem merki um afsökunarbeiðni, t.d. þegar slett er erlendum orðum eða orðskrípum.<br>Gæsalappirnar koma þá strax á eftir orðinu, á undan punkti ef orðið er í lok setningar.<br><br>Orðréttar tilvitnanir eru auðkenndar með gæsalöppum. Ef tilvitnanir eru mjög langar fer oft betur á því að hafa þær indregnar og einfalt línubil. Þá eru gæsalappir óþarfar.   | Hún sagði: „Þakka þér kærlega fyrir.“<br>„Í gær,“ sagði Haukur „var mjög gott veður í Reykjavík.“<br>Þetta var „joke“.<br>Fáðu þér „smók“ hjá mér.<br>Þær eru „púkó“.<br>Ætlar þú að „splæsa“ á alla?   |                             |
| <b>„ Alt 0132</b>  | <b>Fremri gæsalappir eru niðri á línu, þær aftari uppi</b>   |   | <b>“ Alt 0147</b>           |
| <b>Tommumerki</b> "<br><br><b>Shift</b><br><b>og 2</b>                               | Tommumerki geta einnig táknað sekúndur (þ.e. hluta lengdar- og breiddarbaugs) og tommur.<br>Tommumerki eru oft notuð til að sleppa við endurtekningu. <br><b>Insert • Symbol • (normal text)</b>  | 15" norðlægrar breiddar.<br>Rörið er 6" í þvermál.<br>13 karlar 18 konur 14 börn<br>39 " 24 " 12 "  |                             |

|  |   |   |
|--|---|---|
| <b>Hornklofar</b><br>[ Alt 091<br>] Alt 093        | Eftir að hornklofi opnast að fyrsta staf innan hans er ekki bil.<br>Frá síðasta staf innan hornklofa að lokun hans er ekki bil.<br>Orðið sem er skotið inn í er oft auðkennt með skálettri eða feitletri.   | „Ég óska henni [þ.e. <i>Halldóru</i> ] alls hins besta.“  |
| <b>Jafnaðarmerkið</b><br>=                         | Á undan og eftir jafnaðarmerkinu er eitt bil.   | $20 \times 3 = 60$<br>$a + b = c$   |
| <b>Komma</b><br>,                                  | Á eftir kommu er eitt bil.<br>Punktur stendur með kommu sem aðgreinir raðtöluliði.<br>Tugbrotsskili er komma. Þúsundaskili er punktur.<br>Kommur eru ekki í utanáskrift bréfa.  | Enska, stærðfræði og tölvufræði.<br>1., 2., og 3. liður í 6. kafla.<br>12.000,36. 526,23 kr. 0,50 kr.   |
| <b>Margföldun</b><br>· Alt 0183<br>× Alt 0215<br>* | Á undan og eftir margföldunarmerkinu er eitt bil.<br>Miðpunktur og kross eru mest notuðu margföldunarmerkin.<br>Stjarna er notuð sem aðgerðartákn í forritunarmálum.  | $5 \times 5 = 25$<br>$8 \cdot 8 = 64$<br>$25 * 17$  |
| <b>Plús og mínus</b><br>+ -                        | Frá tölustaf að plús- eða mínusmerki er eitt bil.<br>Þegar plús- eða mínusmerki tákna hitastig er ekki bil að tölustafnum.  | $20 + 12$ $12 - 5$<br>Hitinn er $+14^{\circ}\text{C}$<br>Frostið er $-6^{\circ}\text{C}$  |
| <b>Prósentumerkið</b><br>%                         | Á undan prósentumerkinu er ekki bil.  | Varan hafði hækkað um 10% á árinu.  |
| <b>Punktur</b><br>.                                | Á eftir punkti í lok setningar er eitt bil.<br>Í skammstöfunum er ekki bil á eftir punkti.<br><br>Tákni skammstöfunin eitt orð má ekki slíta hana í sundur með punkti.<br>Punktur í skammstöfunum verða því alltaf jafnmargir og orðin sem skammstöfuð eru.<br>Í íslensku ritmáli er hafður punktur á eftir raðtölum.<br>Á eftir raðtölu sem skrifuð er með tölustöfum er punktur og eitt bil.<br>Á eftir skammstöfunum í mælikerfinu er ekki punktur.<br>Við tölustafi eða bókstafi á brotastríki er ekki punktur.<br>Stofnanir, félög og fyrirtæki má skammstafa með upphafsstöfum einum án bils og punkts þar sem skil eru milli einstakra orða.<br>Ekki er punktur þegar fyrri hluti orðs er skammstafaður.<br>Punktur er á undan gæsalöppum við lok setningar.<br>Þúsundaskili er punktur. Tugabrotsskili er komma.<br>Dagsetningar eru birtar í röðinni dagur, mánuður, ár.<br>Ekki er punktur á eftir fyrirsögn nema lesmál haldi áfram í sömu línu. | Ása er úti. Ari er inni. Hvar er Hulda?<br>a.m.k. – o.s.frv. – t.d. – þ.e.a.s. – þ.h.<br>hf. – frkvstj. – Mbl. – sl. – nk. – ehf.<br>hrl. – f.Kr. – o.m.fl. – m.a.s. – m.ö.o.<br>1. (fyrsti)    2. (annar)<br>3. maí – 4. æfing<br>5. kafli – 2. bekkur<br>$2\text{ l} - 8\text{ kg} - 2\text{ dl} - 1\text{ m} - 4\text{ km} - 6\text{ mm}$<br>$5/6 - c/o - m/b$<br>MR    Menntaskólinn í Reykjavík<br>DAS    Dvalarheimili aldraðra sjómanna<br>ASÍ    Alþýðusamband Íslands<br>Rvík    Reykjavík<br>Khöfn    Kaupmannahöfn<br>Una sagði: „Jón er ekki kominn heim.“<br>25.000,25<br>20. apríl 2003 – 20.4. 2003 – 20.04.2003 |
| <b>Semikomma</b><br>;                              | Á eftir semíkommu er eitt bil og lítill stafur.   | Hjól og vagnar; kápur og kjólar; kex og kökur.  |
| <b>Símanúmer</b>                                   | Landsnúmer Íslands er 354.<br>Svæðisnúmer eru ekki notuð og öll símanúmer eru sjö stafa.<br>Mælt er með að símanúmer séu rituð með bili á milli þriðja og fjórða stafs.   | ☎524 2345   |
| <b>Skástrik</b><br>/                               | Á undan og eftir skástriki er ekki bil.<br>Skástrik er oft notað sem aðgerðartákn í forritunarmálum.<br>Verkefni eru á síðunni: <a href="http://johanna.is">http://johanna.is</a>   | $3/5$ $4/7$ M/S    A/S<br>dir /p  |
| <b>Spurningarmerki</b><br>?                        | Á eftir spurningarmerki er eitt bil.<br>Spurningarmerki er á undan gæsalöppum við lok setningar.  | Hvar er hann? Er hann í skólanum?<br>„Hvert fór hún?“ „Ég veit það ekki.“   |

|  |  |   |
|--|--|---|
| <p><b>Strik</b><br/>–<br/><b>Ctrl og –</b><br/><b>(mínusmerki á talnaborði)</b><br/><b>eða</b><br/><b>Alt 0150</b></p> | <p>Þegar strik er notað til að afmarka innskot eða viðauka er eitt bil sitt hvorum megin við það. Einnig þegar strik er notað milli orða sem tákna andstæður.</p> <p>Strik kemur í stað forsetningarinnar „til“ milli talna. Á undan og eftir striki milli töluorða er ekki bil.</p> <p>Þegar gæsalöppum er sleppt og svar auðkennt með striki á undan er ekki bil.</p>                                    | <p>Hún – aðeins hún – kom til greina. Maturinn var ekki mikill – en góður. Hvítt – svart. Góður – betri – bestur. Hún var þar dagana 1.–3. febrúar 2003. Þau voru 7–8 daga á leiðinni þangað. –Hefur Hjalti hringt? –Nei.</p>   |
| <p><b>Svigar</b><br/>( )</p>   | <p>Eftir að svigi opnast að fyrsta staf innan hans er ekki bil. Frá síðasta staf innan sviga að lokun hans er ekki bil.</p>  | <p>Ári áður (2001) flutti hún til Reykjavíkur.</p>  |
| <p><b>Tvípunktur</b><br/>:</p>   | <p>Á eftir tvípunkti á undan upptalningu eða skýringu er eitt bil.</p> <p>Þegar tvípunktur tákna mælikvarða, t.d. á landakorti, er ekki bil á milli.</p> <p>Þegar tvípunktur tákna deilingarmerki er eitt bil á undan og eftir tvípunktinum.</p> <p>Tvípunktur er notaður til að aðgreina kafla og vers í biblíutilvitnunum.</p> <p>Þegar tvípunktur er notaður til að birta tíma er ekki bil á milli.</p> | <p>Hún fór til þriggja landa: Danmerkur, Sviss og Spánar.</p> <p>1:250.000</p> <p>250 : 5 = 50</p> <p>Lúk.3:9.</p> <p>Kl. 04:35 Kl. 16:35</p>   |
| <p><b>Undirstrikun</b></p>   | <p>Þegar orð er undirstrikað, feitletrað eða skáletrað fer betur á því að hafa aðeins orðið undirstrikað (feitletrað eða skáletrað) – ekki punkt, kommu, sviga eða annað tákni sem er strax á eftir orðinu.</p>  | <p>Orðmyndin „<b>talva</b>“ er ekki til og því alltaf <u>röng</u>.</p>  |
| <p><b>Upphrópunarmerki</b><br/>!</p>   | <p>Á eftir upphrópunarmerki er eitt bil.</p> <p>Upphrópunarmerki er oft notað sem háðsmerki innan sviga.</p> <p>Upphrópunarmerki er á undan gæsalöppum við lok setningar.</p>  | <p>Flýttu þér heim! Heyrirðu það!<br/>Mér langar (!) heim.<br/>Honum hlakkar (!) til.<br/>Hann sagði: „Komdu hingað strax!“</p>   |
| <p><b>Utanáskriftir</b></p>  | <p>Húsnúmer koma á eftir götuheiti.</p> <p>Götu- og bæjarheiti eru rituð í þágufalli.</p> <p>Póstnúmer er ritað á undan heiti pósthöðvar.</p> <p>Heiti pósthöðvar er ritað í þágufalli.</p> <p>Punktur og kommur eru ekki í utanáskriftum bréfa.</p>   | <p>Brynhildur Gunnarsdóttir<br/>Bröttugötu 125<br/>310 Borgarnesi</p> <p>Ragnar Jónsson<br/>Litlu-Brekku<br/>735 Eskifirði</p>  |
| <p><b>Úrfellingarmerki</b><br/>,<br/>&amp; ' (</p> <p><b>Insert • Symbol (normal text)</b></p>                         | <p>Úrfellingarmerki má nota til að sýna að stafur (stafir) falli brott í venjulegum framburði, þ.e. að ekki skuli bera fram tiltekna stafi í upplestri.</p> <p>Úrfellingarmerki er oft notað til að tákna öldina sem er að líða.</p> <p>Úrfellingarmerki getur einnig táknað mínútur (þ.e. hluta lengdar- og breiddarbaugs) og fet.</p>  | <p>Ég fór niðr í bæ. Ertu' að koma?<br/>Farðu alveg o' ní skóinn.<br/>Úti' er ævintýri.<br/>Hann er fæddur '82.<br/>'68 kynslóðin.<br/>15' vestur (15 mínútur vestur)<br/>Báturinn er 5'7" á lengd (5 fet og 7 tommur).<br/>15° 12' 2" vestur.<br/>(15 gráður, 12 mínútur og 2 sekúndur).</p> |
| <p><b>Vistmerki, verðmerki, at-merki; @ Alt 064 Altgr og Q</b></p>   | <p>Þetta merki er notað í tölvupóstföngum og á viðskiptaskjólum.</p>   | <p>notandi@ismennt.is<br/>palli@nett.is<br/>caroline@diab.org.uk<br/>20 stk. @ kr. 50.</p>  |
| <p><b>Þrjú punktar ... Alt 0133</b></p>  | <p>Úrfellingarpunktar eru notaðir til þess að sýna að texti hafi verið felldur brott. Þeir eru hafðir þrjú saman.</p> <p>Ef felldur er niður hluti orðs er ekki haft bil milli síðasta stafs í orðinu og punktanna.</p> <p>Ef fellt er niður eitt orð eða fleiri er bil á undan og eftir úrfellingarpunktunum.</p>   | <p>Hvar í fj... er hún?</p> <p>Köttur úti í mýri ... úti er ævintýri.</p>   |